

með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Arthur Wood Bruce, greiði kr. 230.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Lincoln City, GY 464, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. janúar 1964.

Nr. 174/1962. Sveinn Gunnarsson

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Mjólkursamsölunni

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson og Árni Tryggvason og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Línal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. nóvember s. á., og gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 164.582.58 ásamt ársvöxtum, 6% frá 3. marz 1956 til 22. febrúar 1960, 9% frá þeim degi til 29. desember s. á. og síðan 7% til greiðsludags. Þá krefst áfrýj-

andi og málskostnaðar af stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fram er komið, að Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt áfrýjanda örorkubætur, kr. 24.810.00, en það er samkomulag aðilja, að hér fyrir dómi skuli eigi við úrlausn málsins litið til þeirra bóta. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Sveinn Gunnarsson læknir, Óðinsgötu 1, hér í borg, höfðað með stefnu, útgefinni 8. nóvember 1960, gegn Mjólkursamsölunni, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 256.451.87, með 6% ársvöxtum frá 3. marz 1956 til 21. febrúar 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara hefur stefndi krafizt þess, að sök verði skipt í máli þessu og stefnukrafan verði stórlega lækkuð, enda verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreindur mjólkurflutningabíll, R 6202, var tryggður hjá því félagi. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlu-stefnda, og hann hefur heldur engar kröfur gert.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þá lund, að hann krafðist 6% ársvaxta frá 3. marz 1956 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Að öðru leyti hélt stefnandi fast við sínar fyrri kröfur.

Málavextir eru svofelldir:

Um kl. 10 að morgni hins 3. marz 1956 varð árekstur á gatnamótum Rauðarárstígs og Flólagötu milli bifreiðanna R 6202 og

R 3422. Bifreiðinni R 6202, sem var mjólkurflutningabíll af Chevroletgerð í eigu stefnda, var ekið suður Rauðarárstíg, en bifreiðinni R 3422, fólksbifreið af Moskvitchgerð, eign stefnanda og ekið af honum í umrætt sinn, var á leið austur Flókagötu. Gatan, sem áreksturinn varð á, var malbikuð, en snjór var á og færi því hált. Bifreiðin R 6202 var með snjókeðjum á afturhjólum, en R 3422 var keðjulaus.

Lögreglumenn komu þegar á vettvang eftir slysið og gerðu uppdrátt af staðháttum. Samkvæmt þeim uppdrætti, sbr. dskj. nr. 4, sem ökumenn beggja bifreiða kveða réttan, hefur framendi bifreiðarinnar R 6202 rekizt á vinstri hlið bifreiðarinnar R 3422 og ýtt henni u.þ.b. 4 metra til hliðar, áður en bifreiðarnar stöðvuðust. Var þá bifreiðin R 3422 komin alveg yfir á hægri vegarhelming Flókagötu og framendi R 6202 komin nokkuð yfir miðju götunnar. Samkvæmt uppdrættinum voru hemlaför R 6202 8 metra löng, en hemlaför R 3422 6 metra löng. Við áreksturinn kastaðist stefnandi til inni í bifreið sinni og hlaut brot á vinstri síðu, en skemmdir á bifreiðunum urðu þær, að lugtarrammi á R 6202 beyglaðist, en vinstri hlið bifreiðarinnar R 3422 lagðist inn.

Engir sjónarvottar voru að slysi þessu, en ökumenn beggja bifreiðanna hafa komið fyrir rannsóknarlögreglu Reykjavíkur og skýrt frá aðdraganda að árekstrinum.

Stefnandi hefur skýrt svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hafi ekið á rólegri ferð að gatnamótunum og ekki yfir hámarkshraða innanbæjar, enda hafi hann þekkt þessi gatnamót mætavel og vitað, að þau væru aðgæzluverð. Er hann hafi komið með framenda bifreiðarinnar inn á gatnamótin, kvaðst hann hafa séð til ferða stórs bíls, er honum virtist vera í u.þ.b. 20—30 metra fjarlægð frá gatnamótunum, og hafi hann því talið hættulaust að aka áfram. En í því er hann hafi verið kominn út á mið gatnamótin, kveðst hann hafa séð bíl þenna stefna þvert á bíl sinn og hafi honum verið ekið á talsverðri ferð og því borið miklu fljótar að en hann hafði reiknað með. Stefnandi kvaðst þá hafa hemlað og reynt að víkja undan til hægri, en það hafi engum togum skipt, að bifreið þessi hafi skolið á vinstri hlið bifreiðar sinnar og ýtt henni í þá stöðu, er uppdrátturinn sýni.

Gunnar Einarsson, ökumaður bifreiðarinnar R 6202, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að fyrir áreksturinn hafi hann stöðvað bifreiðina á Rauðarárstíg á móts við húsið nr. 3 við

Háteigsveg til að losa þar mjólk. Að því loknu hafi hann ekið af stað aftur og hafi ekki verið kominn yfir ca. 30 km hraða, er hann kom að gatnamótum Flókagötu. Hafi hann þá séð til ferða R 3422, er hafi komið honum á hægri hönd, og virtist honum bifreiðinni vera ekið nokkuð hratt. Er hann hafi séð, að ökumaður bifreiðarinnar R 3422 ætlaði ekki að stöðva, kveðst hann strax hafa hemlað með fullu átaki, en bifreiðin, sem hafi verið með fullu hlassi, hafi verið þung og runnið því áfram, þar til áreksturinn varð.

Stefnandi styður stefnukröfu sína þeim rökum, að bifreiðinni R 6202 hafi verið ekið með óhæfilega miklum hraða í umrætt sinn, er glögglega megi sjá á hemlaförum bifreiðarinnar, sem verið hafi u.þ.b. 9—10 metrar, og þar af hafi hún rekið R 3422 á undan sér síðustu 3—4 metrana. Stefnandi hafi að vísu átt vikskyldu á umræddum gatnamótum fyrir R 6202, en þegar litið sé til allra atvika á slysstaðnum, verði honum allt að einu ekki gefin sök á því, hvernig fór, þar sem hinn óhæfilegi hraði bifreiðarinnar R 6202 hafi orsakað slysið, og beri því að leggja fulla fébóta-ábyrgð á eiganda R 6202 vegna áreksturs þessa.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi alla sök á slysi þessu með því að gegna eigi vikskyldu sinni þarna á gatnamótum gagnvart R 6202. Auk þess hafi bifreið stefnanda verið keðjulaus í umrætt sinn, þrátt fyrir snjó og hálfku. Þá mót-mælir stefndi því, að bifreiðinni R 6202 hafi verið ekið óhæfilega hratt í umrætt sinn, þar sem hún hafi verið tekin af stað í aðeins um það bil 2—3 billengda fjarlægð frá árekstursstaðnum og hafi því að öllum líkindum ekki getað verið búin að ná meira en 25 km hraða á klukkustund á þessum stutta spöl, enda hafi hér verið um þunga bifreið að ræða. Þá bendir stefndi á, að hin 6 metra löngu hemlaför bifreiðarinnar R 3422 gefi það til kynna, að bifreiðin, sem hafi verið ekið aðeins upp í móti, hafi verið á meira en lögleyfðum hámarkshraða í umrætt sinn, og það fái ekki staðizt hjá stefnanda, að bifreiðin R 6202 hafi verið í u.þ.b. 20—30 metra fjarlægð frá gatnamótunum, er stefnandi kom að þeim, því að þá hefði R 6202 þurft að vera komin á fljúgandi ferð á þeim stað, er hann hafi lagt upp af, til þess að ná að rekast á bifreið stefnanda.

Samkvæmt þessu, sem nú hefur verið rakið, virðist stefnda ljóst, að öll sök og til vara meginhluti sakar hljóti að hvíla á stefnanda sjálfum vegna ógætilegs aksturs hans. Bifreiðarnar virðist bera að gatnamótunum á sömu stundu, en stefnandi líti

augnabliki of seint til vinstri til þess að ná því að stöðva bifreiðina, svo sem honum hafi borið skylda til. Þegar hann hafi séð, að í óefni var komið, stígi hann á hemlana, þótt bíllinn sé keðjulaus, í stað þess að aka óhindrað áfram og reyna þannig að forða árekstri.

Þegar virt eru atvik að slysinu og hugað er að afstöðumynd af vettvangi, virðist allt benda til, að bifreiðin R 6202 hafi verið komin mun nær gatnamótunum en stefnandi hefur skýrt frá, þá hann ók inn á Rauðarárstíg. Allt að einu gegnir stefnandi ekki vikskyldu sinni gagnvart R 6202, heldur ekur hann bifreið sinni, keðjulausri, þvert í veg fyrir R 6202 við framangreindar aðstæður, og á hann því meginsök á árekstrinum með þessu gálauslega og ólögmæta ökulagi sínu. Á hinn bóginn þykir öku- maður bifreiðarinnar R 6202 einnig eiga nokkra sök á slysi þessu með of hröðum akstri sínum, miðað við aðstæður, svo sem séð verður af hemlaförum bifreiðarinnar á uppdraettinum. Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjónið að $\frac{1}{4}$ hluta, en stefnandi beri sjálf- ur tjón sitt að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfuna þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 189.578.00
2. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og höfum	— 60.000.00
3. Viðgerðarkostnaður á bifreiðinni R 3422	— 5.023.87
4. Greiðsla fyrir örorkumat, læknisvottorð og örorkutjónsútreikninga	— 1.850.00

Samtals kr. 256.451.87

Fjárhæð þessi kemur heim við stefnufjárhæðina. Verða nú hinir einstöku liðir stefnukröfunnar teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Fyrst eftir slysið kveðst stefnandi hafa verið fluttur á sjúkra- stofu Bláa bandsins, þar sem hann var þá yfirlæknir, en síðan hafa verið fluttur heim til sín.

Hinn 8/3 1956 var framkvæmd röntgenskoðun á stefnanda á St. Jósefsspítalanum í Reykjavík. Í vottorði frá spítalanum, varð- andi skoðun þessa, segir svo: „Costa VI. vinstra megin er þver- brotin úti í síðunni, nokkuð aftan til. Engin veruleg dislocatio

er á brotstaðnum. Ekki er grunlaust um fractur í costa VII. aftan til, en ekki sést það með vissu.

R. diag.: Fract. costae VI. sin. (et VII.?).“

Stefnanda leið illa í meiðslinu og fékk því Karl Jónsson lækni til að setja á sig plástur. Nefndur læknir hefur gefið vottorð, dags. 12/3 1956, svohljóðandi: „Við rannsókn í dag finnst brot á 6. rífi vinstra megin aftur við hrygginn og ennfremur á 7. rífi á miðri síðu. Vöðvarnir í bakinu eru mikið marðir kringum brotstaðinn.“

Stefnandi lá síðan heima, að mestu rúmfastur, um þriggja vikna skeið. Hann hresstist vel við leguna og bjóst við, að sér myndi batna fljótt úr því, en var þó mjög taugaslappur fyrst á eftir. Fljótlega fór að bera á verkjum í síðunni, þegar frá leið, einkum þó verkjum uppi á milli herðablaða. Átti hann því mjög erfitt með vinnu. Síðan fór að bera á dofa og seiðingsverk fram- og utanvert á vinstra læri allt niður undir hné. Einnig urðu þvaglát tíðari en hann átti vanda til. Af þessum sökum fór stefnandi til Kjartans Guðmundssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum, til rannsóknar hinn 12/7 og 19/8 1957. Í vottorði læknisins, dags. 22. ágúst 1957, segir m. a. á þessa leið:

„Við skoðun finnst: 1) Eymsli á v. síðu neðan við herðablað. Ennfremur eymsli á ca. 7.—10. brjósthryggjarlið.

2) Ca. lófastór blettur með húðskynstruflunum framan á v. læri. Yzt er hyperæsthesi ÷ algesi, en í miðjunni hyperæsthesi algesi.

3) Vibrationsskyn er greinilega minna á v. fæti.

Það finnst ekkert annað neurologískt. Einkum eru reflexar eðlilegir, engar rýrnanir eða minnkun á krafti, engin truflun á stjórn útlima og ilreflexar eru eðlilegir.

Álit: Sjúklingur er álitinn hafa traumatiskan radikulitis sem beina afleiðingu eftir slysið. Minnkað vibrationsskyn, verkir og húðskynstruflanir á læri og ev. truflanir á þvaglátum benda og á, að hann muni hafa fengið léttu kontusion á mænu.

Það er erfitt að segja ákveðið um batahorfur, en það er álit mitt, að þær séu sæmilegar og fysiotherapi ætti að hafa góð áhrif.“

Hinn 18. september 1957 skoðaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnanda og mat örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 6. október 1957, getur hann þess, að röntgenmyndir þær, er teknar voru af brjósti stefnanda hinn 8/3 1956,

finnist eigi, og hafi hann því af ráðið að láta taka nýjar röntgenmyndir af honum. Röntgenlýsingin er dagsett 20. september 1957 og hljóðar svo: „Á costa 7—10 v. megin medialt sjást ójöfnur í rifjum væntanlega eftir fyrri fractur. Á profilmýnd sést, að Th. 12 er 3 mm lægri að framan en næsti corpus fyrir ofan og dálítið fleygmyndaður. Skoðunin gæti því bent á compression. Ójöfnur eru á liðbrúnum Th. 11 og 12.

R. diagn.: Sequ. fract. costarum.

Sequ. compressiones corpus Th. 12?.

Síðan segir svo í framangreindu vottorði Þórarins Sveinssonar: „Skoðun: Mjög hraustlegur maður og vel byggður. Á höfði var ekkert sérstakt að sjá. Sjón og heyrn eru eðlileg.

Blóðþrýstingurinn mældist 135/80. Hjartahljóð eru regluleg og hrein. Við þuklun á baki voru nokkur eymsli uppi á milli herðablaða v. megin við hrygginn. Voru vöðvarnir þar að finna strengdari en hægra megin. Hreyfingar voru eðlilegar, en ekki til fulls án óþæginda. Útlimir voru eðlilegir að sjá, nema vottur um rýrnun virðist vera á lærvöðvunum ofan hnéliðs, og munar ca. 10 cm ofan hnéliðs um $\frac{1}{2}$ —1 cm hvað lærvöðvar eru rýrari v. megin en hægra. Kraftar góðir, en húðskyn ekki prófað. Vísast í því efni til vottorðs sérfræðingsins.

Ályktun: Um er að ræða meiðsli, er urðu við bílslys. Þau voru brot á 4 rifjum v. megin (7.—10. rif). Eru þau að sjá vel gróin, en greinilega sjást brotamótin. Auk þessa er útlit fyrir, að 12. brjóstliðurinn hafi pressast lítilla saman við áverkann (um 3 mm). Einkenni eru leiðslutruflanir í blöðru og niður í v. læri frá þessu eða mari á mænu við áverkann.

Örorka vegna þessa slyss telst hæfilega metin:

Fyrir 1 mánuð fyrst eftir slysið	100%	örorka
— 1 — þar á eftir	85%	—
— 1 — — — —	65%	—
— 1 — — — —	50%	—
— 1 — — — —	35%	—
— 1 — — — —	30%	—
— 3 mánuði — — —	25%	—
— 4 — — — —	20%	—

Úr því má telja, að 15% örorka sé hæfilegt mat. Er þá gert ráð fyrir nokkrum kalkbreytingum á liðbrúnum í nánd við brotið, sem oft vill verða, svo og óþægindum öðrum frá því.

Hins vegar er gert ráð fyrir, að blöðruertingin muni lagast með tímanum.“

Frá 11. marz til 21. apríl 1959 lá stefnandi á Landakotsspítalanum. Í ódagsettu, óstaðfestu endurríti af læknisvottorði Karls Sig. Jónassonar, sérfræðings í handlækningum, segir svo um rannsóknina þar:

„.... Diagnosis: Fract. Corp. vertebrae lumbalis I og einnig corpus vertebrae thoracalis IX comprimeraður. Brjóstliðir eru með miklum gigtarbreytingum frá VII.—XII. lið. Enn fremur Thoracal liðir XI, XII dálítið fleygmyndaðir, eins og eftir fyrri brot. Líðan sjúklingsins var mjög slæm í byrjun, en var töluvert betri við brottför. Var ráðlagt áframhaldandi rúmlega heima.“

Hinn 9. marz 1959 vitjaði Ólafur Jensson læknir stefnanda. Í vottorði læknisins, dags. 14. ágúst 1959, segir svo að loknum inngangsorðum:

„Að sögn aðstandenda hafði Sveinn fengið flogaköst. Við skoðun reynist púls, hjartastarfsemi og öndun eðlileg. Litarháttur eðlilegur. Engir kippir eða stífleiki í útlimum.

Sensorium: Sjúklingur er meðvitundarlítill (semicomatös). Við mikla eggjun tekst að fá fram einsatkvæðis svör og smá þrugl, en sjúklingur er óðar dottinn út af í svefn.“

Hinn 1. október 1959 skoðaði Snorri Hallgrímsson prófessor stefnanda. Í vottorði læknisins, dags. sama dag, segir á þessa leið:

„Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Gengur frekar álútur.

Nokkur kyphosa er á hryggnum á mótum brjósts og lenda-liða. Hreyfing í hryggnum er nokkru minni en eðlilegt er og allar hreyfingar sárar. Hann á t. d. nokkuð erfitt með að klæða sig í sokka og skó. Þá eru bankeymsli á neðstu brjóstliðum og efstu lendaliðum.

Lasequepróf er neikvætt beggja megin, en framan á v. læri neðanverðu er sársauka og tilfinningaskyn minnkað. Þá er nokkur rýrnun á vastus lateralis.

Á röntgenmyndum, sem teknar voru 20/9 1957, sjást gróin brot aftan til á 7., 8., 9. og 10. rífi vinstra megin. Þá er XII. brjóstliður fleygmyndaður, þannig að hæð liðbolsins að framan er mun minni en hæð hans aftan til og um 6 mm lægri en hæð næsta liðbols fyrir neðan og um 3 mm minni en hæð næsta liðbols fyrir ofan.

Líklegt þykir, að hér sé um að ræða afleiðingu af þrýstings-

broti á XII. brjóstlið. Auk þess sjást slitbreytingar (arthrosis) á liðbrúnum, en þær munu hafa verið til staðar fyrir slysið.

Röntgenmyndir, teknar 19/2 1959, sýna sömu breytingar og að ofan er lýst, en auk þess sést, að slitbreytingar (osteophylar) á liðbrúnum XI. og XII. brjóstliðs hafa aukizt verulega, og bendir það einnig til þess, að um brot hafi verið að ræða.

Hér er um að ræða 60 ára gamlan mann, sem fyrir 3 árum hlaut meiri háttar meiðsli, brot á fjórum rifjum og að minnsta kosti einum hryggjarlið. Brotið á hryggjarliðnum mun hafa valdið auknu sliti (arthrosis) á aðliggjandi liðum. Verkirnir og skyntruflunin framan til í v. læri benda til rótarskóddunar, sem ekki er ólíkleg afleiðing hryggbrotsins.“

Í október 1959 skoðaði Bergþór Smári læknir stefnanda og endurmat örorku hans. Í vottorði læknisins, dags. 23. október 1959, segir m. a. svo:

„Hann hefur stöðugan verk í baki á mótum brjóst- og lenda-liða og einnig niður eftir vinstra læri að framan. Versna verk-irnin við alla áreynslu. Hafa óþægindin sízt batnað upp á síð-kastið, og telur slasaði sig alveg ófæran til nokkurrar verulegrar áreynslu.

Skoðun í október 1959: Talsverð sveigja (kyphosa) er á hryggnum á mörkum brjóst- og lendaliða, og hreyfingar í hryggnum eru minni en eðlilegt er, og hreyfingarnar eru sárar. Einnig eru bakeymsli á neðstu brjóstliðum og efstu lendaliðum.

Nokkur rýrnun er á lærvöðva vinstra megin.“

Síðan vitnar læknirinn í framangreint vottorð Snorra Hallgrímssonar prófessors og endar vottorð sitt þannig: „Varanleg örorka af völdum ofangreinds slyss telst hæfilega metin 30%.“

Í málinu liggur fyrir vottorð Röntgendeildar Landspítalans, undirritað af H. L., svohljóðandi:

„Regio: 2/5 '60 column. — HL/gk.

Léttar hliðarsveigjur í col. thoraco-lumbalis, og vottar fyrir torsio samfara því.

Th. IX. er talsvert comprimeraður, mælist 1.8 cm að hæð að framan og 2 cm að aftan, miðað við 2.5 cm þykkt á næsta lið fyrir ofan og neðan.

L I er einnig talsvert comprimeraður og fleygaður, mælist 2.2 cm að framan og 2.8 cm að aftan, miðað við 3.2 cm að framan og 3.5 cm að aftan á næsta lið fyrir neðan.

Auk þess létt compression á Th. XI og XII, en þeir liðir reyndust létt comprimeraðir við síðustu skoðun, 19/2 '59.

En á hinum tveim liðunum, Th. IX og L I, er um nýtt brot að ræða.

Nokkrar osteoarthrotiskar breytingar er að sjá á hryggjarliðum, einkum mið- og neðri thoracalliðum, en hins vegar ekki teljandi osteofytamyndanir í lendasúlu. Hins vegar eru hryggjarliðir létt úrkalkaðir, einkum thoracalliðir.

R. diagn.: Fractura corporis Th. IX et L I. Seq. compressiones Th. XI og XII. Osteoarthrosis columnæ thoracalis. Halisteresis 1. gr.“

Hinn 1. marz 1961 gaf Björgvin Finnsson læknir stefnanda vottorð, en hann var þá til meðferðar hjá læknum vegna afleiðinga bílslyssins. Í vottorði þessu segir m. a. svo:

„Aðalkvartanir nú: — Verkur í miðju baki, geislandi út í vinstri síðu, verkur og stirðleiki í vinstri öxl og handlegg. Verkur ofan til við vinstra hné. Segist eiga mjög erfitt með gang bæði vegna nefndra verkja og svima.

Ob: — Kyphose í col. thoracal. aukin. Indirecte og directe eymsli eru neðan til í col. thoracal. Hersli og eymsli í paravert. vöðvum í thoracal-hlutanum. Hreyfing í col. thoracalis alltakmörkuð. Vinstri öxl: — Hreyfingar eru hindraðar og sárar, einkum rotation upp á við, en þar vantar ca. 45° upp á fulla rotation. Þéttur, aumur vefur í axlarregioninni. Vefurinn ofan til við vinstra hné er smáhnökróttur og aumur. Hreyfingar í vinstra hné virðast lítið hindraðar, en sárar, og stöðugir verkir í hnénu, ofan til og lateralt (utan).

Prognosis dubia.“

Esra Pétursson, trúnaðarlæknir Samvinnutrygginga, var fenginn til að láta upp álit sitt um læknisfræðilega hlið máls þessa og meta örorku stefnanda af völdum margnefnds slyss. Álitsgerð læknisins, sem dagsett er 22. maí 1961, hefst á því, að hann vitnar í vottorð þau, er rakin hafa verið hér að framan, en síðan segir svo í álitsgerðinni:

„Læknum ber ekki saman um, hversu miklir né heldur hvar áverkar eru, sem slasaði er talinn hafa hlotið við slysið 3. marz 1956. Telja sumir, að jafnvel geti verið 4 hryggjarliðir, Th. IX, XI, XII og L I, sem hafi brotnað, samanber ódagsett vottorð, sennilega gefið í maí 1959, Karls Sig. Jónassonar læknis, en aðrir, þar á meðal prófessor Snorri Hallgrímsson, að aðeins sé um brot á einum lið, XII, að ræða, þó hugsagt geti, að fleiri hafi

brotnað, samanber vottorð hans, dags. 23/10 1959, bls. 2: „að minnsta kosti einn hryggjarlið“.

Á röntgenmynd, tekinni þann 8/3 1956, kom í ljós, að 6. og 7. rif vinstra megin voru brotin. Þær röntgenmyndir, sem sú lýsing er af, fundust ekki, og fyrst á röntgenmyndum, teknum 20/9 1957, sjást ójöfnur v. megin medíalt í rifjum, væntanlega eftir fyrri fracturur á costa 7—10. Þá fyrst er líka talað um það, að aðeins einn liður, Th. XII, sé 3 mm lægri að framan en næsti corpus fyrir ofan og dálítið fleygmyndaður. Slitbreytingar (orthrosis osteophytar) munu hafa verið til staðar fyrir slysið.

ÁLYKTUN:

Í rauninni eru því ekki fyrir hendi röntgenmyndir, yngri en 18½ mánuði eftir slysið, sem sýna brot á hryggjarliðum, né heldur á rifjum 7—10. Aðeins röntgenumsögn frá 8/3 1956 fyrirfinnst, en í henni er talað um brot á 6. og 7. rífi, en ekki minnzt á hryggjarliði, að því er bezt verður séð.

Verða því ofangreindir áverkar vart allir raktir til slyssins með nokkurri vissu, og gætu þeir hafa hlotizt af síðari áverkum, sem slasaði kann að hafa orðið fyrir, svo sem við flogaköst þau, er um getur í vottorði Ólafs Jenssonar læknis, dags. 14. ágúst 1959, svohljóðandi:

„Það vottast hér, að undirritaður kom í vitjun til Sveins Gunnarssonar læknis, Óðinsgötu 1, Reykjavík, þann 9. marz 1959.

Að sögn aðstandenda hafði Sveinn fengið flogaköst. Við skoðun reyndist púls, hjartastarfsemi og öndun eðlileg. Litarháttur eðlilegur. Engir kippir eða stífleiki í útlimum.

Sensorium: Sjúklingur er meðvitundarlítill (semi-comatös). Við mikla eggjun tekst að fá fram einsatkvæðissvör og smá þrugl, en sjúklingurinn er óðar dottinn út af í svefn.“

Í umsögn Röntgendeildar Landspítalans, varðandi hryggmyndir, teknar af slasaða þann 2/5 1960, segir meðal annars:

„En á hinum tveim liðunum, Th. IX, og L I, er um nýtt brot að ræða.“

Hverjar sem orsakirnar kunna að vera, er það ótvírætt, að slasaði hefur nú töluverða örorku, sem ég tel hæfilega metna á 25%, miðað við ofangreindar upplýsingar.

Í svo flóknu ágreiningsmáli sem þessu, virðist mér eðlilegt að vísa því til Læknaráðs til úrskurðar.“

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþinginu hinn 4. ágúst 1961, var málinu vísað til Læknaráðs og leitað álits þess um eftirtalin atriði:

„1° Hvort ætla megi, að Sveinn Gunnarsson hafi hlotið varanlega örorku af slysi því, er hann varð fyrir hinn 3. marz 1956.

2° Verði svo talið, hver sé þá hæfilega metin varanleg örorka hans, þá sem telja megi sennilega afleiðingu af slysi þessu.“

Læknaráð hefur skilað ýtarlegri álitsgerð í málinu, dags. 19. október 1961. Í upphafi álitsgerðarinnar er málavöxtum lýst stuttlega, og síðan eru læknisvottorð málsins rækilega rakin. Að því búnu segir svo í álitsgerðinni:

„Ad. 1. Samkvæmt vottorði Karls Jónassonar, dags. 12. marz 1956, fannst „brot á 6. rífi vinstra megin aftur við hrygginn og enn fremur á 7. rífi á miðri síðu. Vöðvarnir á bakinu eru mikið marðir kringum brotstaðinn.“

Á röntgenmynd, sem tekin er 20. september 1957, sjást ójöfnur á rifjum, væntanlega eftir fyrri fractur. Breytingar sjást þá á 12. brjóstlið, sem gætu bent á þrýstingsbrot á liðbolnum, þótt ekki sé víst, að þessar breytingar eigi rót sína að rekja til slyssins. Ekki liggja fyrir neinar röntgenmyndir frá tímanum rétt eftir slysið, en á mynd, sem sögð er hafa verið tekin 8. marz 1956, er sagt, að sézt hafi brot á 6. og 7. rífi. Ekki er þar getið um breytingar á neinum hryggjarlið.

Ólíklegt er, að varanleg örorka hefði hlotizt af brotunum á 6. ok 7. rífi.

Hins vegar er sennilegt, að örorka geti hlotizt af breytingunum á 12. brjóstlið.

Síðan koma svo fram brot á öðrum hryggjarliðum, sem ekkert hafði sézt á áður. Kemur það fyrst fram í ódagsettu afriti af greinargerð um veru stefnanda á St. Jósefsspítala í Reykjavík frá 11. marz — 21. apríl 1959. Þar er m. a. lýst brotum á IX. brjóstlið og I. lendalið. Að vísu má draga í efa heimildargildi þessa afrits, sem skrifað er á pappír stefnanda og óstaðfest, en einnig liggur fyrir skýrsla frá Röntgendeild Lsp., dags. 2. maí 1960, sem staðfestir þessar breytingar.

Verða breytingar þessar því naumast færðar á reikning slyssins, en gætu stafað af seinni áverka, sem ekki er getið í skjölum málsins. Í því sambandi má geta um vottorð Ólafs Jenssonar, dags. 14. ágúst 1959, sem finnur stefnanda hálfmeðvit-

undarlausan 9. marz 1959 og fær þær upplýsingar hjá aðstandendum, að hann hafi fengið flogaköst.

Hins vegar er ekki ólíklegt, að breytingarnar á 12. brjóstlið hafi átt rót sína að rekja til slyssins 3. marz 1956.

Ad. 2. Að þessu athuguðu, telur Læknaráð hæfilegt að meta varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 3. marz 1956 15%.

Í málinu hafa verið lagðir fram 3 útreikningar á atvinnutjóni stefnanda og gerðir af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Einn útreikningurinn er miðaður við 15% varanlega örorku og laun héraðslækna í strjálbýlustu og erfiðustu héruðunum (þ. e. VI. flokkur launalaga), en eigi er reiknað með aukatekjum, er læknar þessir kunna að hafa.

Annar útreikningur er miðaður við sömu varanlegu örorku-prósentu og tekjur stefnanda samkvæmt skattframtölum hans árin 1954—57. Þriðji útreikningurinn er miðaður við 30% varanlega örorku og sömu tekjur og gert er í fyrsta útreikningnum (þ.e.a.s. launum skv. VI. flokki launalaga).

Kröfugerð stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á síðast-talda útreikningnum. Þar er að vísu miðað við hærri varanlega örorkuprósentu af völdum slyssins en Læknaráð hefur metið stefnanda, en stefnandi telur þenna útreikning samt eðlilegasta viðmiðunargrundvöll kröfugerðar sinnar vegna hinnar gífurlegu hækkunar, er orðið hafi á launum lækna upp á síðkastið, enda telur stefnandi sig hvenær sem er hafa haft möguleika til að fá starf sem héraðslæknir í slíkum héruðum, sem miðað er við í útreikningi þessum.

Stefndi hefur mótmælt því, að bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið verði ákvarðaðar á öðrum grundvelli en samkvæmt skattframtölum stefnanda og þeirri varanlegu örorku-prósentu, er Læknaráð hefur metið honum.

Fallast má á það með stefnda, að eigi er fært að ákvarða stefnanda bætur samkvæmt þessum lið á öðrum grundvelli en framtöldum launatekjum stefnanda og þeirri varanlegu örorkuprósentu, er Læknaráð hefur metið stefnanda.

Verður nú vikið nánar að þeim útreikningi tryggingafræðingsins, sem byggður er á þessum forsendum.

Samkvæmt útreikningi þessum, sem dagsettur er 25. september 1958, er stefnandi talinn fæddur 17. maí 1899, og hefur hann því verið 56 ára að aldri, er slysið varð. Árin 1954—1957 telur stefnandi fram til skatts eftirfarandi tekjur:

Tekjur samkvæmt			
Ár	rekstrarreikningi kr.	Laun kr.	Alls kr.
1954	 11.524.50		11.524.50
1955	 25.845.00	6.000.00	31.845.00
1956	 35.124.95	6.000.00	41.124.95
1957	 44.367.70	8.000.00	52.367.70

Þessar tekjur umreiknar tryggingafræðingurinn með tilliti til þeirra breytinga, er orðið hafa á launum ríkisstarfsmanna í VI. flokki launalaga, þar sem stefnandi hafi a.m.k. nokkurn hluta þessa tímabils verið fastráðinn hjá Bláa bandinu. Þannig umreiknað telst honum meðalvinnutekjur stefnanda þessi fjögur ár nema kr. 40.170.00 í júlí 1958. Síðan reiknar tryggingafræðingurinn út atvinnutjón stefnanda, miðað við örorkuna, eins og hún er metin á hverjum tíma, og telst honum þá verðmæti tapaðra vinnutekna nema á slysdegi sem hér segir:

- A) Vegna tímabundinnar örorku kr. 15.264.00
 B) Vegna varanlegrar örorku — 40.199.00

.. Alls kr. 55.463.00

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en nú hafa verið rakin eru þau, að reiknað er með 6% aktíftöflum, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla árin 1941—1950.

Þá hefur einnig verið lagður fram í málinu útreikningur nefnds tryggingafræðings, dags. 24. júní s.l. Útreikningur þessi er byggður á sömu forsendum og sá, er rakinn hefur verið hér að framan, að öðru leyti en því, að reiknað er með 7% töflum og vinnutekjum stefnanda, miðað við núgildandi kauplag. Þannig reiknað, telst tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda á slysdegi nema sem hér segir:

- a) Vegna tímabundinnar örorku fyrstu 13 mánuði eftir slysið kr. 15.191.00
 b) Vegna varanlegrar örorku — 42.053.00

Samtals kr. 57.244.00

Stefndi hefur krafizt þess, að útreikningur tryggingafræðingsins verði lækkaður við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið með tilliti til þess, að bætur þessar eru skattfrjálsar, og vegna

Þess hagræðis, er stefnandi hafi af því að fá bætur þessar greiddar í einu lagi.

Þegar framangreind atriði eru virt og lækkunarröksemdir stefnda eru hafðar í huga, þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 50.000.00.

Um 2. lið.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar það er virt, sem þar greinir, og önnur þau atriði höfð í huga, er hér skipta máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000.00.

Um 3. og 4. lið.

Kröfuliðir þessir hafa ekki sætt tölulegum andmælum, og verða þeir því teknir til greina að öllu leyti.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 21.718.46, þ. e. $\frac{1}{4}$ (kr. 50.000.00 + 30.000.00 + 5.023.87 + 1.850.00).

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.400.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Mjólkursamsalan í Reykjavík, greiði stefnanda, Sveini Gunnarssyni, kr. 21.718.46 auk 6% ársvaxta frá 3. marz 1956 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvexti frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags, ásamt kr. 3.400.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.